

Ágætu nemendur.

Nú líður að lokaprófum. Prófin eru haldin á Miðgarði (þar sem þrjónaði Miðgarðsormurinn er) og **Miklagarði** (hátíðarsal) og einnig í stofum **30, 31 og 33** (hafi nemendur sótt um að vera í sérstofu). Próf í IB áföngum eru í stofum **7 og 8**.

**Þegar þið komið í skólann munu verða skilti við aðalinngangana niðri sem tilgreina í hvorum salnum hvert próf er.** Þessar upplýsingar verða einnig á **tilkynningaskjáum**. Langoftast er allur áfanginn í einum sal en í allra stærstu hópunum þarf að skipta í báða sali. Þá er það gert eftir stafrófsröð nemenda, t.d. nemendur með nöfn sem byrja á A-H fara á Miðgarð en nemendur með nöfn sem byrja á I-Ö fara á Miklagarð. Við biðjum ykkur að skoða þetta vel á skiltum eða skjáum þar sem við þurfum að huga vel að fjöldatakmörkunum í hverju rými.

Við biðjum nemendur sem eiga að vera á **Miðgarði að ganga upp tröppurnar hjá gosbrunninum** en nemendur sem eiga að vera á **Miklagarði að ganga upp tröppurnar hjá Sómalíu/Norðurkjallara** og þar áfram upp til vinstri inn á ganginn hjá kennarastofu. Þar er inngangur inn á sviðið á Miklagarði þar sem þið gangið inn. Það verða skilti sem vísa ykkur leið og kennarar til að aðstoða ykkur við að finna réttan stað ef eitthvað er óljóst. Nemendur í sérstofu geta komið upp tröppurnar hjá gosbrunninum eða komið inn innganginn sem er fyrir ofan húsið (sunnan megin, í áttina að Öskjuhlíð).

Venjulega bíða nemendur niðri eftir að hringt sé inn til prófsins en þar sem við viljum koma í veg fyrir hópamyndun og troðning biðjum við **ykkur nú að KOMA STRAX UPP Í PRÓFSALINN** (eða stofuna) þegar þið mætið í skólann, **finna út rétta sætaröð** (oft mörg ólík próf í gangi í einu), **fá ykkur sæti og bíða þar. Prófsalir opna 15 mínútum fyrir próf.** Þið takið yfirhafnir og töskur með að borðinu ykkar.

Dreifing prófa verður í gangi á meðan þið gangið inn en **ykkur er ALGERLEGA ÓHEIMILT AÐ OPNA PRÓFIN fyrr en hringt hefur verið inn. Almennar prófreglur taka gildi um leið og þið komið í salinn** t.d. megið þið ekki vera með bækur eða glósur uppi við, ekki talast við og ekki handleika síma.

Við biðjum ykkur að kynna ykkur **prófreglur skólans** mjög vel en þær má finna hér:

<https://www.mh.is/is/namid/prof/profreglur>.

**Það er nauðsynlegt að mæta með skilríki með mynd í prófið.** Leggið skilríkin á borðið við hliðina á viðverumiðunum sem þar verður að finna. Þið getið fyllt miðana út um leið og þið komið og þá nýtist prófatíminn betur.

Ef eitthvað er óljóst þá eru margir kennarar á staðnum í hverju prófi sem geta svarað öllum ykkar spurningum.

Með bestu kveðju,

Harpa Hafsteinsdóttir

prófstjóri MH